

Fundur í skóla- og fræðslunefnd haldinn í Laugargerði 10. des. 2012 kl.14

Mættir eru: Eggert Kjartansson, Guðríður Pétursdóttir, Katrín Gísladóttir, Sigurður Jónsson kennari, Kristín Björk skólastjóri, Sigríður Jóna og Hulda Þórðardóttir. Einnig kom á fundinn Valgarð Halldórsson reikningshaldari.

- Eggert setur fund og býður fundarmenn velkomna.
- Valgarð fer yfir fjárhagsáætlun skólans fyrir 2013 og kynnti breytingar á uppsetningu og sundurgreiningu reksturs húsnæðis og fræðslu. Gerði hann því góð skil og hlaut þakkir fyrir.
- Kristín hafði fengið símtal frá oddvita þar sem velt var upp hvort bæta þyrfti við sérfræðipjónustu t.d. frá Félags og skólaþjónustu Snæfellinga eða hvort núverandi staða væri fullnægjandi. Kristín las upp 40. grein grunnskólalaganna í þessu samhengi og rætt var um hvernig þjónustan væri í dag. T.d. eru reglubundnar komur sálfræðings í skólann, námsráðgjöf 1-2 á ári og sérkennari á staðnum til að gera ýmsar greiningar og skimanir. Aðrir sérfræðingar hafa svo verið kallaðir til eftir þörfum. Niðurstaða nefndarinnar var sú að sérfræðipjónusta við skólann sé í góðum farvegi.
- Einnig hafði oddvita borist bréf frá menntamálaráðuneytinu varðandi fjölda skóladaga hjá 1-4 bekk sem væru 143 í stað 170. Kristín Björk svaraði erindinu og útskýrði málið. Hún sótti um undanþágu eins og venjulega vegna langra skóladaga en var sagt að það væri ekki hægt að sækja um slíkt lengur. Mikill sveigjanleiki hefur verið boðaður í þessum málum undanfarið en spurning hvort það er að breytast í raun.
- Önnur mál: Skólastjóri vill þakka Félagsbúinu á Miðhrauni en þau gáfu spjaldtölvur (ipad) fyrir mið- og elsta stig.
- Fundi slitið Katrín Gísladóttir